

Garðabær



Fjölnota íþróttahús í landi Vífilsstaða
Umsjón og eftirlit með verkframkvæmdum



Útboð- og verklýsing

Maí 2019

Efnisyfirlit

0	Útboðslýsing og samningsskilmálar	4
0.1	Yfirlit	4
0.1.1	Útboð.....	4
0.1.2	Útboðsform – útboðsyfirlit.....	4
0.1.3	Kröfur til bjóðenda	5
0.1.4	Lauslegt yfirlit yfir verkefnið.....	6
0.1.5	Kynningarfundur – vettvangsskoðun	7
0.1.6	Ráðgjafasamningur – verkáætlun.....	7
0.1.7	Framkvæmdatími	7
0.1.8	Umsjón verkkaupa.....	8
0.1.9	Uppdrættir og lýsingar, dreifing teikninga og verksgagna.....	8
0.1.10	Skipurit verkefnis.....	8
0.2	Útboðsgögn - lög - reglugerðir – staðlar	8
0.2.1	Útboðsgögn	8
0.2.2	Fyrirspurnir á útboðstíma.....	9
0.2.3	Lög, reglugerðir og leiðbeiningar.....	9
0.2.4	Undirverktakar eftirlits	9
0.2.5	Vanefndir og uppsögn	10
0.3	Tilboð.....	10
0.3.1	Gerð og frágangur tilboðs	10
0.3.2	Tilboðsskrá.....	10
0.3.3	Fylgigögn með tilboði	10
0.3.4	Auðkenni tilboðs.....	12
0.3.5	Tilboðstrygging - gildistími tilboðs.....	12
0.3.6	Þóknun fyrir gerð tilboðs.....	12
0.3.7	Opnun tilboða.....	12
0.3.8	Meðferð og mat tilboða	12
0.4	Greiðslur og verðlagsgrundvöllur	12
0.4.1	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir.....	12
0.4.2	Framlag verkkaupa	13
0.4.3	Breytingar á verkinu	13
0.4.4	Frestir og tafabætur	13
0.4.5	Greiðslur og reikningsskil	13
0.4.6	Verðlagsgrundvöllur	14

0.4.7	Fyrirframgreiðsla	14
0.4.8	Geymslufé.....	14
0.5	Ábyrgðir – tryggingar – ágreiningsmál	14
0.5.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	14
0.5.2	Verktrygging	14
0.5.3	Ágreiningsmál.....	15
0.5.4	Framsál réttinda	15
0.5.5	Atvinnuleyfi	15
1	Verklýsing	16
1.1	Eftirlitskerfi	16
1.1.1	Almennt	16
1.1.2	Grundvallaratriði gæðakerfis.....	16
1.1.3	Gæðahandbók	16
1.1.4	Eftirlitsáætlun og handbók eftirlits.....	17
1.2	Verkefni eftirlits.....	17
1.2.1	Eftirlit	17
1.2.2	Starfsmenn	18
1.2.3	Verksvið	18
1.2.4	Starfslýsing.....	18
1.2.5	Samskipti	19
1.2.6	Skýrslur – upplýsingar.....	19
1.2.7	Yfirferð og rýni alútboðsgagna verkframkvæmdar	19
1.2.8	Eftirlit - stjórnun – skipulag	20
1.2.9	Fyrirkomulag eftirlits	20
1.2.10	Öryggi á vinnustað.....	21
1.2.11	Verkfundir.....	21
1.2.12	Eftirlit með kostnaði	22
1.2.13	Eftirlit með framkvæmd verks.....	23
1.2.14	Eftirlit með framgangi verks – verkáætlanir.....	23
1.2.15	Framvinda, skýrslur og greinargerðir	23
1.2.16	Alútboðsgögn – breytingar	23
1.2.17	Aukaverk verktaka	24
1.2.18	Verkbáttarýni - rýnifundir.....	24
1.2.19	Rannsóknir og efnisvottun	25
1.2.20	Lokaúttekt, áfangaúttektir - afhending verks.....	25

1.2.21	Lokaskýrsla – lokauppgjör	25
1.2.22	Reyndargögn.....	27
1.2.23	Ágreiningsmál.....	27
1.2.24	Ábyrgðarúttekt	27
2	Tilboðsblöð	28
2.1	Fylgigögn.....	28
2.1.1	Almennt	28
2.1.2	Upplýsingar um bjóðanda	28
2.1.3	Fyrirtækið og gæðakerfi	28
2.1.4	Fjárhagsstaða bjóðanda	29
2.1.5	Frekari upplýsingar um bjóðanda.....	29
2.1.6	Starfsmenn bjóðenda	30
2.2	Verðtilboð.....	39
2.2.1	Almennt.....	39
2.2.2	Tilboðsblað	39
3	Form verktryggingar	41

0 ÚTBOÐSLÝSING OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 Útboð

Garðabær, hér eftir nefndur verkkaupi, óskar eftir tilboði frá eftirlitsaðila í umsjón og eftirlit með verkframkvæmdinni og alútboðsverkinu:

Fjölnota ípróttahús í landi Vífilsstaða

Eftirlitsverkið skal framkvæma í samræmi við útboð- og verkskilamála þessa, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til.

Innifalið í tilboði bjóðanda skal vera allt sem þarf til að ljúka verkinu eins og því er lýst og það skilgreint í þessum útboðsgögnum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað, sjá grein 2 með útboðs- og verkskilmálum þessum.

Bjóða skal í allt verkið í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

0.1.2 Útboðsform – útboðsyfirlit

ÚTBOÐSFORM

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og grein 1.2.2 í ÍST 30:2012. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Stangist texti útboðsgagna á við lögin, vikur textinn.

ÚTBOÐSYFIRLIT

Kynningarfundur:	Enginn kynningarfundur verður haldinn
Fyrirspurnartíma lýkur:	5 (fimm) virkum dögum fyrir opnun tilboða
Svarfrestur rennur út:	3 (þremur) virkum dögum fyrir opnun tilboða
Skilafrestur tilboða:	11. júní 2019 kl. 14:00
Opnunartími tilboða:	11. júní 2019 kl. 14:00
Gildistími tilboða:	6 (sex) vikur frá opnun tilboða
Kröfur til bjóðenda:	Kröfur eru gerðar til hæfni, reynslu og gæðakerfis
Upphaf eftirlitsverks:	1. júní 2019
Verklok eftirlitsverks:	Þegar lokauppgjör við alverktaka hefur farið fram
Verðlagsgrundvöllur:	Verkið verðbætist ekki
Gjaldmiðill samnings:	Íslensk króna (ISK)
Frávikstilboð:	Eru ekki heimiluð
Opnunarstaður tilboða:	Ráðhúsi Garðabæjar, Garðatorg 7, Garðabær
Fylgigögn með tilboði:	Sjá grein 2.1

0.1.3 Kröfur til bjóðenda

Í verki þessu eru gerðar hæfniskröfur til bjóðenda hvað varðar reynslu af sambærilegum verkum og frammistöðu í þeim, sem og tæknilega getu bjóðanda og starfsmanna hans. Einnig eru gerðar kröfur til fjárhagsstöðu bjóðanda og gæðakerfis. Tungumál samningsins er íslenska og er jafnframt gerð krafa um íslenskukunnáttu þeirra starfsmanna bjóðanda eða undirverktaka hans sem starfa munu við verkið.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum eða frekari upplýsingum sem varða bjóðendur. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Verði bjóðendur ekki við því, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Fjárhagur og viðskiptasaga

Ef um bjóðanda gildir eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum, þegar að undirritun samnings kemur, verður ekki gengið til samninga við hann:

1. Bjóðandi eða fyrirsvarsmaður bjóðanda hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir einhver eftirtalinna brota:
 - a. Þátttöku í skipulögðum brotasamtökum
 - b. Spillingu
 - c. Sviksemi
 - d. Peningaþvætti

Hafi verkkaupi grun um að framangreind atriði eigi við um bjóðanda er verkkaupa heimilt að beina fyrirspurn til þar til bærra yfirvalda í því skyni að fá upplýsingar.
2. Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lög ákveðin gjöld. Bjóðandi telst í vanskilum með opinber gjöld ef hann hefur ekki greitt gjöldin á gjalddaga. Þótt bjóðandi hafi fengið frest til greiðsluuppgjörs teljast gjaldfallin gjöld engu að síður í vanskilum.
3. Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna eða sambærileg lög ákveðin gjöld. Bjóðandi telst í vanskilum með iðgjöld ef hann hefur ekki greitt gjöldin á gjalddaga. Þótt bjóðandi hafi fengið frest til greiðsluuppgjörs teljast gjaldfallin gjöld engu að síður í vanskilum.
4. Bjóðandi er á vanskilaskrá.
5. Ef hjá bjóðanda hefur verið gerð árangurslaus aðfarargerð.
6. Bjóðandi er í greiðslustöðvun eða nauðasamningum eða til meðferðar er beiðni um fyrrgreind úrræði.
7. Ef lögð hefur verið fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi bjóðanda eða ef bú bjóðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.
8. Ef viðskiptasaga stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur félagsins (bjóðenda), og í hlut á öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.
9. Ársreikningur bjóðanda sýnir neikvætt eigið fé, þó er heimilt að ganga til samninga við bjóðanda þótt ársreikningur sýni neikvætt eigið fé ef staðfesting liggur fyrir um jákvætt eigið fé bjóðanda í árschlutareikningi eða í yfirlýsingu löggilts endurskoðanda.
10. Skattaskýrslur bjóðanda sýna ógjaldfærni, þó er heimilt að ganga til samninga við bjóðanda þótt skattaskýrslur sýni ógjaldfærni ef staðfesting liggur fyrir um gjaldfærni í yfirlýsingu löggilts endurskoðanda.

Gæðakerfi

11. Bjóðandi skal hafa vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 með viðeigandi verkferlum fyrir umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum. Með tilboði skal skila inn vottorði um gæðakerfið og upplýsingum um tvö sambærileg eftirlitsverkefni þar sem gæðakerfið var notað.

Hæfni og reynsla

12. Þjóðandi skal sýna fram á fyrri reynslu af framkvæmdareftirliti með a.m.k. tveim verkum sambærilegum að stærð, að flækjustigi, verkþáttum og stjórnunarhlutverki. Upplýsingar um sambærileg verk skulu fylgja með tilboði þjóðanda.
13. Þjóðandi skal sýna fram á að þau verk sem koma til skoðunar um hæfni hans hafi verið vel og fagmannlega leyst af hendi.
14. Gerð er krafa um að umsjónarmaður og eftirlitsmenn þjóðanda hafi reynslu hver á sínu sviði, sjá nánari lýsingu hér að neðan. Með reynslu er átt við uppsafnaða reynslu af verkum sem umsjónarmaður eða eftirlitsmaður hafa af sambærilegum verkum. Leggja skal fram starfsferilskrá þeirra starfsmanna sem boðnir eru til starfa í eftirlitsverkinu og æskilegt er að meðfylgjandi séu meðmæli, umsögn eða upplýsingar um tengilið verkkaupa sem aðili hefur unnið fyrir sambærilegt verk.

Umsjónarmaður

Umsjónarmaður skal vera verk- eða tæknifræðingur og hafa a.m.k. 15 ára reynslu sem slíkur. Hann skal jafnframt hafa 5 ára reynslu af umsjón með sambærilegum framkvæmdum. Kostur ef umsjónarmaður hefur reynslu af verkeftirliti í alútbóði. Upplýsingar um sambærileg verkefni umsjónarmanns skulu fylgja með tilboði. Umsjónarmaður skal tala og rita íslensku.

Eftirlitsmenn

Eftirlitsmenn skulu hafa a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu, sem verk – eða tæknifræðingar. Þeir skulu jafnframt hafa 3 ára áunna starfsreynslu, hver á sínu fagsviði, við eftirlit og úttektir í sambærilegum eða hliðstæðum verkefnum. Upplýsingar um sambærileg verkefni eftirlitsmanna skulu fylgja með tilboði. Eftirlitsmenn skulu tala og rita íslensku.

Heimilt er að sami einstaklingur sinni hlutverki „Eftirlitsmaður 1“, „Eftirlitsmaður 2“, o.s.frv. Sami einstaklingur getur því sinnt eftirliti með fleiri en einu fagsviði, enda uppfylli hann kröfur sem til hans eru gerðar á umræddum fagsviðum.

Um er að ræða eftirlitsmenn með eftirfarandi fagsviðum/verkþáttum:

Eftirlitsmaður 1: Jarðtækni

Eftirlitsmaður 2: Mótavinna og steypugæði

Eftirlitsmaður 3: Burðarvirki

Eftirlitsmaður 4: Lagna- og loftræsikerfi

Eftirlitsmaður 5: Raforkukerfi

Eftirlitsmaður 6: Frágangur innanhúss

Eftirlitsmaður 7: Gervigraskerfi

Eftirlitsmaður 8: Mælingar

Einungis skal nefna þá sem vinna eiga að verkefninu og munu fylgja verkefninu eftir alla leið. Ekki er heimilt að skipta um starfsmenn á verktímanum nema með samþykki verkkaupa og skal þá leggja fram samsvarandi gögn fyrir þá starfsmenn.

0.1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkefnið

Verkefni eftirlitsaðila felst í að hafa umsjón og eftirlit með verkframkvæmd þ.e. alútbóðsverkinu *Fjölnota ípróttahús í landi Vífilsstaða*.

Eftirlitsverkið skal vinna samkvæmt meðfylgjandi útboðs- og verklýsingu auk verksamnings um verkframkvæmd og annarra fylgigagna samnings.

Fjölnota ípróttahús er boðið út í alverktöku og felst verk alverktaka í gerð aðaltekninga af húsnæðinu ásamt lóðarteikningum. Verktaki skal jafnframt fullhanna húsnæðið, öll kerfi þess og lóð. Hann skal einnig byggja/reisa húsið og skila því fullbúnu til notkunar ásamt hluta lóðar samkvæmt nánari skilgreiningu í alútböðsgögnum. Nýbyggingin kemur til með að standa við núverandi Vetrarbraut, vegi sem tengir Hnoðraholt við Vífilsstaðaveg. Áður en framkvæmdir geta hafist við jarðvinnu nýbyggingar þarf verktaki að færa Vetrarbrautina framhjá framkvæmdasvæðinu. Gerðar eru kröfur um að eftirlitsaðili hafi góða þekkingu og reynslu af jarðtækni þar sem jarðvegsaðstæður á framkvæmdasvæðinu eru erfiðar. Gert er ráð fyrir að húsið verði reist á staurum.

Eftirlitsaðili skal annast umsjón og eftirlit með ofangreindum framkvæmdum fyrir verkkaupa og sinna öllum öðrum hlutverkum eftirlits sem tilgreind eru í verklýsingu.

Verkkaupi metur umfang verkefnisins við umsjón og eftirlit vera 2500 klst. og skal tilboð bjóðanda miða við það. Telji bjóðandi sig þurfa fleiri vinnustundir en tilgreindar eru til að sinna eftirliti í samræmi við útböðsgögn skal hann bæta þeim við á tilboðsblaðið. Ekki er leyfilegt að fækka vinnustundum á tilboðsblaði telji bjóðandi sig þurfa færri tíma. Sjá einnig grein 0.4.3.

0.1.5 Kynningarfundur – vettvangsskoðun

Enginn kynningarfundur né vettvangsskoðun verður haldinn með bjóðendum. Bjóðendur eru hvattir til að kynna sér verkið ítarlega, í gögnum og á verkstað.

0.1.6 Ráðgjafasamningur – verkáætlun

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda telst kominn á samningur um verkefnið sbr. grein 3.1 í ÍST 30. Verkkaupi og bjóðandi sem valinn er, gera með sér skriflegan samning um verkefnið, ráðgjafasamning um framkvæmd eftirlitsins sem tekur mið af samningsdrögum um hönnun og ráðgjöf samkvæmt ÍST 35.

Áður en ráðgjafasamningur er undirritaður skal liggja fyrir eftirlitsáætlun eftirlitsaðila í samræmi við áætlun um vinnuframlag bjóðanda, sbr. áætlaður fjöldi tíma á tilboðsblaði/tilboðsskrá. Skal eftirlitsáætlunin taka mið af verkáætlun verktaka.

Gangi verk ekki nægilega vel miðað við samþykktu eftirlitsáætlun, eða telji verkkaupi að bjóðandi sé ekki að rækja skyldur sínar, t.d. varðandi skil á gögnum, þá er bjóðanda skylt að bæta þar úr, fjölga starfsmönnum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana sem á þarf að halda.

Bjóðandi skal endurskoða eftirlitsáætlun eftir því sem þörf krefur og leggja fyrir verkkaupa til samþykktar.

0.1.7 Framkvæmdatími

Framkvæmdatími eftirlitsverks hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda. Verkframkvæmdum samkvæmt útböðsgögnum skal að fullu lokið eigi síðar en getið er í útböðsyfirliti í grein 0.1.2.

Hvað verklok eftirlitsaðila varðar skal miða við að eftirlitsaðili hafi afhent endanlega lokaskýrslu skv. samningsgögnum, en hana skal afhenda innan skilgreinds frests frá því að lokaúttekt og lokauppgjör við verkframkvæmd hefur farið fram, sjá nánar grein 1.2.21.

Verkefninu telst ekki lokið af hálfu bjóðanda fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útböðsgögnum.

Ef eftirlitsaðili telur sig eiga rétt á framlengingu skilafrests skal hann skýra frá því og leggja fram gögn er sýna fram á réttmæti framlengingarinnar.

Vinna við ábyrgðarúttekt

Vinna eftirlits vegna ábyrgðarúttekta samkvæmt ákvæðum í útböðsgögnum eða vegna hugsanlegra galla sem upp kunna að koma á ábyrgðartíma, eftir að lokaúttekt hefur farið fram, er

utan þóknunar og greiðist samkvæmt sannanlegum kostnaði/unnum tímum, ef verkkaupi óskar eftir þeirri vinnu frá eftirlitsaðila.

0.1.8 Umsjón verkkaupa

Fulltrúi verkkaupa með eftirlitsverkinu, verk-, eða tæknifræðingur, mun annast dagleg samskipti við umsjónarmann eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili skal í einu og öllu framkvæma eftirlitsverkið í samráði við fulltrúa verkkaupa.

0.1.9 Uppdrættir og lýsingar, dreifing teikninga og verk-gagna

Eftirlitsaðili skal halda utan um og sjá um dreifingu allra uppdrátta, verk-gagna og upplýsinga milli verkkaupa og alverktaka, bæði á rafrænu formi og pappíriformi.


Ráðgjafar munu senda gögn (verklýsingar og uppdrætti) á rafrænu formi á eftirlit. Afhending teikninga og hönnunargagna í verkinu verður rafræn og telji aðilar, þar með talið eftirlit, að prentun sé þörf skal hver og einn þeirra annast þá prentun á eigin kostnað.

Eftirlit heldur utan um og annast alla rafræna afhendingu á fullnaðarhönnun alverktaka til verkkaupa og til þess ráðgjafa sem annast hönnunarrýni fyrir hans hönd. Eftirlit annast ekki hönnunarrýni í þessu verki.

Eftirlit skal sjá til þess og fylgja því eftir að teikningaskrá sé útbúin í upphafi verks og að útgáfunúmer teikninga séu reglulega uppfærð á teikningaskrá ásamt útgáfudegi teikninga.

0.1.10 Skipurit verkefnis

Verkkaupi mun tilnefna fulltrúa sinn sem annast yfirstjórn verkefnis og er fulltrúi hans gagnvart bjóðanda. Bjóðandi skal setja upp skipurit og samskiptaáætlun í samræmi við hana. Sjá tillögu að hluta skipurits hér að neðan.



0.2 ÚTBOÐSGÖGN - LÖG - REGLUGERÐIR – STAÐLAR

0.2.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna teljast eftirfarandi gögn:

- Útboðs- og verklýsing þessi, dags. í apríl 2019, ásamt fylgiskjölum

- Alútbóðs- og verklýsing vegna verkframkvæmda „Fjölnota íþróttahús í landi Vífilsstaða“
- Íslenskur staðall ÍST 30 og ÍST 35, gildandi útgáfur við opnun tilboða. Ef ákvæði ÍST 30 og ÍST35 stangast á skulu ákvæði ÍST-35 gilda, ef ekki er sérstaklega vísað til annars í útbóðsgögnum varðandi umrætt ákvæði
- Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til

ÍST 30, ÍST 35 og önnur útbóðsgögn skulu mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útbóðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði umræddra staðla á við ákvæði útbóðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði umræddra staðla víkja.

Útbóðsgögnin (þó ekki staðlar) eru afhent á rafrænu formi. Athygli er vakin á því að öll notkun útbóðsgagna í öðrum tilgangi en þeim að framkvæma þetta verk er óheimil.

0.2.2 Fyrirspurnir á útbóðstíma

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útbóðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda skriflega fyrirspurn eigi síðar en fyrirspurnartíma lýkur, sjá grein 0.1.2.

Fyrirspurnin skal merkt: „FYRIRSPURN - Fjölnota íþróttahús í landi Vífilsstaða, umsjón og eftirlit með verkframkvæmdum“ og send með tölvupósti á netfangið: gk@verkis.is.

Fyrirspurnir og svör við þeim, ásamt hugsanlegum breytingum á útbóðsgögnum, verða send öllum sem sótt hafa útbóðsgögn, eigi síðar en þann dag sem getið er um sem svarfrestur í grein 0.1.2.

Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útbóðsgögnum.

0.2.3 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar

Bjóðandi, sem valinn verður til verksins skal í einu og öllu fylgja eftir gildandi lögum og reglugerðum um framkvæmdir þær sem eftirlitsverk þetta nær yfir, eftir því sem við á. Meðal þeirra laga, reglugerða og leiðbeininga sem skal fylgja eru:

- Lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð
- Reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Heilbrigðisreglugerð
- Reglur um vinnusvæðamerkingar
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins
- Lögreglusamþykkt, sjá reglugerð nr. 1127/2007.
- Reglugerð um hávaða 724/2008

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.2.4 Undirverktakar eftirlits

Bjóðandi skal leggja fram með tilboði sínu nöfn undirverktaka, ef um þá er að ræða og er listi yfir undirverktaka bindandi fyrir bjóðanda. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart verkkaupa.

Ef samþykktur bjóðandi hyggst bæta við eða breyta um undirverktaka eftir að samningur er kominn á skal hann upplýsa verkkaupa um hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis verkkaupa áður en undirverktaki hefur störf.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi.

0.2.5 Vanefndir og uppsögn

Bjóðandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði ráðgjafarsamnings. Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir veita verkkaupa heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndaúrræðum fjármunaréttar. Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu ráðgjafa að ræða getur verkkaupi rift samningi án fyrirvara.

Leiti verktaki nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er verkkaupa heimilt að segja samningi upp án fyrirvara.

0.3 TILBOÐ

0.3.1 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu vera í íslenskum krónum (ISK). Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðru liðum sbr. grein 2.4 í ÍST 30.

Bjóðandi staðfestir með tilboði sínu að hann samþykki þá skilmála sem útboðsgögnin kveða á um. Hann hafi fullvissað sig um í hverju verkið sé fólgið og um önnur atriði, sem ætla má að hafi áhrif á það og kostnað vegna þess, þar með talið vegna kjarasamninga, sem skulu gilda við framkvæmd verksins.

Vanræki bjóðandi að kynna sér allar tiltækar upplýsingar um verkið og mál því tengd, þá firrir það hann ekki ábyrgð á tilboði sínu, eða framkvæmd eftirlitsverksins. Munnlegar viðræður við fulltrúa eða starfsmann verkkaupa eða ráðgjafa hans, hvenær sem er, breyta í engu ákvæðum útboðsgagna.

Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda.

0.3.2 Tilboðsskrá

Bjóðendur skulu fylla út tilboðsskrá sem er hluti þessara útboðsgagna. Fylla skal út tilboðsskrá og öll önnur eyðublöð tilboðsskrár eins og texti segir til um. Sé tilboðsskrá ekki að fullu útfyllt áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði. Tilboðsfjárhæð skal færð á tilboðsblað.

Einingarverð og heildartilboðsfjárhæð, sem færð er á tilboðsblað, skulu vera í íslenskum krónum (ISK) og skulu innifela virðisaukaskatt.

Innifalið í tilboði skal vera allur kostnaður eftirlitsaðila, svo sem launakostnaður, allt efni, tæki (þar með talin tæki til rannsóknarstarfa ef við á), skrifstofuaðstaða, símar og tölvubúnaður, akstur og flutningur mannafla og tækja og tengdur ferðakostnaður, yfirstjórn eftirlits, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, virðisaukaskattur o.s.frv.

Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.

0.3.3 Fylgigögn með tilboði

Bjóðandi skal leggja fram með tilboði sínu allar upplýsingar sem beðið er um, auk eftirtalinna upplýsinga sbr. upptalningu í grein 2.1.

Verkkaupi metur hæfni bjóðenda af upplýsingum sem hann skilar með tilboði sínu og eru þær bindandi fyrir þann aðila sem samið verður við og er honum óheimilt að víkja frá þeim, án samþykkis verkkaupa.

Bjóðanda er heimilt að leggja fram frekari upplýsingar um fyrirtæki og starfsmenn en taldar eru hér að neðan. Jafnframt er verkkaupa heimilt að leita frekari upplýsinga frá bjóðendum en þær sem þeir skila með tilboði sínu.

Almennar upplýsingar um fyrirtæki bjóðanda

- Almennar upplýsingar um bjóðanda
- Útskrift úr hlutafélagaskrá
- Upplýsingar um vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001, ásamt vottorði
- Staðfesting á reynslu bjóðanda, þar með talið veltu, vegna sambærilegra verka síðustu fimm ára sbr. lið a.i. í 1. mgr. 50. gr. laga um opinber innkaup

Fjárhagsstaða bjóðanda

- Ársreikningar síðustu tveggja ára.
- Staðfesting um skil á opinberum gjöldum.
- Staðfesting um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.

Staðfestingar sem sýna fram á að bjóðandi sé í skilum skal vera dagsett innan 14 daga fyrir opnunardag tilboða, að þeim degi meðtöldum.

Starfsmenn bjóðanda

Leggja skal fram starfsferilskrá þeirra starfsmanna sem boðnir eru til starfa í eftirlitsverkinu. Þar er um að ræða umsjónarmann og eftirlitsmenn, sem fylgja verkefninu eftir allan verktímann. Einungis skal nefna þá sem eiga að vinna að verkinu. Ekki er heimilt að skipta um starfsmenn á verktímanum nema með skriflegu samþykki verkkaupa og skal þá leggja fram samsvarandi gögn fyrir þá starfsmenn.

Starfsferilskrár skulu gefa upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, áunna reynslu, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni á liðnum árum í tímaröð. Við upptalningu komi fram á hvaða árum verkið var unnið, lengd verks í mánuðum og starfshlutfall starfsmanns við einstök verk.

Fyrir umsjónarmann:

- Tilvísun í sambærileg verk sem umsjónarmaður hefur stýrt. Kostur ef umsjónarmaður hefur haft umsjón með eftirliti í alútbóði.
- Tilvísun í fyrri verk sem umsjónarmaður hefur stýrt
- Áunnin reynsla sem nýtist þessu verki sem og almenn starfsreynsla
- Starfsferilskrá

Fyrir eftirlitsmenn:

- Tilvísun í sambærileg eftirlitsverk sem eftirlitsmaður hefur unnið við
- Tilvísun í fyrri verk á því sviði eftirlits sem starfsmanni er ætlað að vinna
- Áunnin reynsla sem nýtist þessu verki sem og almenn starfsreynsla
- Starfsferilskrá

0.3.4 Auðkenni tilboðs

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi til Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, fyrir þann tíma sem tilgreindur er í útboðsyfirliti og greinilega merkt með neðangreindum hætti:

Fjölnota íþróttahús í landi Vífilsstaða, Umsjón og eftirlit með framkvæmdum

TILBOÐ

Nafn bjóðanda
Kennitala bjóðanda
Heimilisfang
Póstfang og staður

0.3.5 Tilboðstrygging - gildistími tilboðs

Ekki er farið fram á tilboðstryggingu af hendi bjóðanda.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá opnun tilboða. Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST30.

0.3.6 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Ekki verður greidd þóknun fyrir gerð tilboð.

0.3.7 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um opnunartíma tilboða í grein 0.1.2 og verða þau þá opnuð þar, í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir og í samræmi við ákvæði greinar 2.5 í ÍST 30.

Þau tilboð sem berast eftir að tilboðsfrestur er liðinn verða ekki opnuð.

0.3.8 Meðferð og mat tilboða

Ákvæði um val á tilboði eru í grein 2.7 í ÍST 30 og í lögum um opinber innkaup.

Við val á tilboði mun verkkaupi miða við lægsta verð. Við val á tilboðum verður einungis litið til gildra tilboða frá bjóðendum sem uppfylla kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum. Verkkaupi mun annað hvort taka lægsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða form annmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógilding tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans/vöntunarinnar.

0.4 GREIÐSLUR OG VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.4.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir

Verkkaupi leggur til verksins greiðslu eftirtalinna gjalda og kostnaðar, eins og við á hverju sinni:

- Stjórnunarkostnað verkkaupa
- Úttektagjöld opinberra stofnana
- Kostnaður við nauðsynlegar efnisrannsóknir á rannsóknarstofu hjá þriðja aðila og annarra efnisrannsókna, sem eftirlitsaðili og verkkaupi eru sammála um að gera þurfi og tilheyra ekki skyldum framkvæmdaraðila eða eftirlitsaðila

0.4.2 Framlag verkkaupa

Verkkaupi leggur ekki til efni, tæki né búnað vegna þjónustunnar.

0.4.3 Breytingar á verkinu

Eftirlitsaðili skal annast eftirlit með alútboðsframkvæmdunum í samræmi við samþykktu eftirlitsáætlun og þær vinnustundir sem tilboð hans gerir ráð fyrir.

Þjóðanda er óheimilt að vinna aukaverk eða viðbótarverk við eftirlitsverkið, nema eftir tilmælum verkkaupa eða með fyrirfram skriflegu samþykki verkkaupa, t.d. með bókun á umsjónarfundi.

Óski verkkaupi eftir að eftirlitsaðili vinni aukaverk, sem ekki eru samningsbundin, skal vinna þau eftir fyrimælum verkkaupa og samkvæmt tilboði eftirlitsaðila í tímataxta samnings. Gera skal skriflega samninga um öll slík auka- og eða viðbótarverk.

Ef upp kemur á verktíma að umfang eftirlitsverks hefur aukist vegna ákvarðana verkkaupa eða atburða sem eftirlit getur ekki haft áhrif á skal umsjónarmaður tilkynna verkkaupa um leið og umrædd aukning eftirlitsverks kemur fram. Í framhaldi skal aukaverk/viðbótarverk skilgreint, rökstutt og kostnaðarauki metinn af eftirliti og það lagt skriflega fyrir verkkaupa til samþykktar.

Geri verkkaupi breytingu á verkinu frá því sem gert er ráð fyrir í samningsgögnum á eftirlit rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar sem af breytingu leiðir og skal krafa byggð á verðlagi samnings og skal koma fram áður en sú breyting kemur til framkvæmda. Leiði breyting til lækkunar á kostnaði getur verkkaupi á sama máta krafist lækkunar á samningsfjárhæð, enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukinn kostnað. Aðilar skulu semja um þá hækkun eða lækkun samningsfjárhæðar, sem leiðir af kröfum verkkaupa um breytingar áður en vinna sem tengist þeirri breytingu hefst.

Ef um auka- og eða viðbótarverk er að ræða sem samið er um að eftirlit vinni í tímavinnu, skal umsjónarmaður sjá til þess að halda utan um þau verk með sérstökum samantektarblöðum. Þar skal koma fram við hvaða auka- og eða viðbótarverk var unnið og hver/hverjir unnu verkið. Samantektarblöð skulu jafnframt innihalda tímataxta starfsmanna í samræmi við tilboð.

0.4.4 Frestir og tafabætur

Á ekki við.

0.4.5 Greiðslur og reikningsskil

Gjaldmiðill samningsins er íslensk króna (ISK). Greiðslur fara fram mánaðarlega í samræmi við framvindu verks samkvæmt samþykktu eftirlitsáætlun. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til ráðgjafans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Skal slíkt samkomulag ná til þess forms sem fylgiskjöl reikninga skulu miða við.

Reikningar fyrir auka- og eða viðbótarverk skulu aðskildir reikningum fyrir tilboðsverk og skulu einnig lagðir fram í byrjun hvers mánaðar, í samráði við verkkaupa.

Í byrjun hvers mánaðar skal þjóðandi afhenda fulltrúa verkkaupa reikning sinn ásamt tímaskýrslum þeirra sem hafa unnið í verkinu á greiðslutímabilinu. Í tímaskýrslum/vinnuskýrslum skal koma skýrt fram við hvað unnið var við hverju sinni.

Fulltrúi verkkaupa hefur eftirlit með því fyrir hönd verkkaupa, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings. Fulltrúi verkkaupa tekur reikning til yfirferðar og samþykktar.

Reikningar eða fylgiskjöl skulu sýna verkstöðu og framvindu frá síðasta reikningi.

Reikningar eru framvindureikningar og felur samþykkt verkkaupa á greiðslu reiknings ekki í sér endanlega samþykkt á verkframvindu. Endanlegt samþykki fæst við gerð lokareiknings.

Verkkaupi skal inna greiðslu af hendi innan 3ja vikna frá móttöku samþykks reiknings.

0.4.6 Verðlagsgrundvöllur

Samningsfjárhæð er verðbætt samkvæmt launavísitölu sem Hagstofa Íslands birtir og skal endurskoða árlega miðað við vísitölu í janúar ár hvert, fyrsta sinn í janúar 2020.

Það sem er unnið á árinu 2019 er því óverðbætt, en það sem unnið er árið 2020 er verðbætt skv. vísitölu í janúar 2020 og það sem unnið er á árinu 2021 er verðbætt skv. vísitölu janúar 2021, o.s.frv.

Grunnvísitala tilboðs er vísitala þess mánaðar sem tilboð eru opnuð í.

0.4.7 Fyrirframgreiðsla

Ekki verður greidd fyrirframgreiðsla í þessu verki.

0.4.8 Geymslufé

Verkkaupi mun ekki halda eftir geymslufé.

0.5 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

0.5.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Bjóðandi ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber bjóðandi ábyrgð á því tjóni eða slysum sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur.

Bjóðandi skal sjá um og bera kostnað af slysatryggingu starfsmanna sinna sem og öðrum lögboðnum og samningsbundnum gjöldum sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja þjónustu.

Bjóðandi skal hafa gildandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Bjóðandi skal skila afriti af tryggingaskírteini fyrir starfsábyrgðartryggingu fyrir gerð ráðgjafarsamnings. Starfsábyrgðartrygging skal að lágmarki standa fram yfir síðustu ábyrgðarúttekt og skulu vátryggingarfjárhæðir samræmast kröfum til trygginga hönnuða sem settar eru fram í 2. gr. reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014. Bjóðanda er óheimilt að lækka eða fella tryggingu úr gildi nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Hvenær sem er á samningstíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar á að lögboðin gjöld s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjald, virðisaukaskattur, lífeyrissjóður, o.s.frv. séu í skilum. Bjóðandi skal afhenda verkkaupa afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

0.5.2 Verktrygging

Til tryggingar því að bjóðandi standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna eftirlitsverks þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun ráðgjafarsamnings verktryggingu, skv. grein 3.5 í ÍST 30.

Form verktryggingar er að finna í kafla 3 í útboðs- og verkskilmálum þessum.

Verktrygging skal vera 10% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til loka eftirlitsverks en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar.

Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að eftirlitsaðili afhendir lokaskýrslu og hefur lokið öllum þáttum í samræmi við ákvæði samnings.

Verktrygging skal þannig orðuð, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar, og greiðsla skuli fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. kafla 3.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.5.3 Ágreiningsmál

Verði ágreiningur milli verkkaupa og bjóðanda um skilning á útboðsgögnum og samningi aðila í kjölfar útboðsins skal bjóðandi eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verkkaupa, sbr. grein 6.3 í ÍST 30. Takist aðilum ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu í framhaldinu skal vísa ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur.

0.5.4 Framsal réttinda

Ráðgjafa er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki verkkaupa.

0.5.5 Atvinnuleyfi

Ráðgjafi er ábyrgur fyrir því að allir starfsmenn hans og hans undirverktaka hafi atvinnuleyfi sem tryggir þeim rétt til að vinna að verkefninu. Ennfremur er ráðgjafi ábyrgur fyrir því að íslenskum lögum og reglum um kjör starfsmanna og aðbúnað allan sé fylgt. Verkkaupi skal geta óskað eftir staðfestingu á þessu hvenær sem er, t.d. í samvinnu við Vinnumálastofnun og ASÍ.

1 VERKLÝSING

1.1 EFTIRLITSKERFI

1.1.1 Almenn

Eftirlitsaðili skal fylgja vottuðu gæðakerfi og ákveðnu eftirlitskerfi. Eftirlitskerfi eftirlitsaðila skal samræma við eftirlitskerfi alverktaka eftir því sem þörf er á og hentar og jafnframt skal eftirlitsaðili vakta virkni eftirlitskerfis alverktaka.

Markmið með eftirlitskerfi er að allar aðgerðir séu kerfisbundnar, skjalfestar og auðraktar. Eftirfarandi lýsing á eftirlitskerfi eru grundvallarkröfur sem gerðar eru til slíks kerfis. Eftirlitsaðili skal útfæra og aðlaga kerfið að hverju verki fyrir sig.

Í upphafi verks skal eftirlitsaðili leggja fram gæðahandbók verkefnisins sbr. nánari lýsingu í grein 1.1.3. Verkkaupi leggur eftirlitsaðila til gögn verksins í því umfangi sem nauðsynlegt er fyrir hans störf.

1.1.2 Grundvallaratriði gæðakerfis

Gæðakerfið skal samræmast og vera vottað samkvæmt kröfum ISO 9001 staðalsins sem kveður m.a. á um:

- Skjalfestar verklagsreglur
- Skýra ábyrgðarskiptingu
- Skráningu niðurstaðna
- Stýringu frábrigða og úrbóta

1.1.3 Gæðahandbók

Eftirlitsaðili skal á grunni eigin gæðakerfis útbúa gæðahandbók með öllum gögnum sem talin eru nauðsynleg þannig að gæðakröfur verksins verði uppfylltar með vísun til viðeigandi skjala sem nota skal fyrir hvern verkþátt. Eins og áður getur skal gæðakerfið vera vottað.

Eftirlitsaðili skal skilgreina verklagsreglur í samræmi við gæðakerfi sitt, m.a. um :

- Stýringu skjala og skráa
- Vinnulýsingu fyrir efnissamþykktir
- Yfirferð reikninga
- Stöðumat
- Meðhöndlun frávika/galla
- Umsjón aukaverka
- Meðhöndlun á kröfugerðum verktaka
- Móttöku, dreifingu og vistun uppfærðra verkagagna
- Breytingar á samningsgögnum / viðbótarsamninga
- Úttektir - virkni- og viðtökuprófanir
- Lýsingu á vinnu við eftirlit með einstökum verkþáttum

Í gæðahandbók verkefnis eftirlitsaðila skulu koma fram skjalfestar vinnulýsingar og verklagsreglur, skýr ábyrgðarskipting, m.a. skipurit eftirlits og verkkaupa, helstu upplýsingar um eftirlit, verkkaupa og verktaka, stýring frábrigða og úrbóta.

Handbók skal leggja fyrir verkkaupa til samþykktar í upphafi eftirlitsverks.

1.1.4 Eftirlitsáætlun og handbók eftirlits

Eftirlitsaðili skal gera eftirlitsáætlun þar sem tilgreind eru öll þau atriði sem eftirlit er haft með.

Eftirlitsáætlun er byggð á kröfum samningsgagna.

Eftirlitsaðili skal útbúa handbók eftirlits og leggja fyrir verkkaupa til samþykktar í upphafi eftirlitsverks. Ekki er gerð sú krafa að bjóðandi skili inn með tilboði sínu fullmótuðu kerfi.

Fyrir undirskrift verksamnings skal bjóðandi leggja fram drög að eftirlitskerfi.

Í handbók eftirlits skulu koma fram skjalfestar vinnulýsingar og verklagsreglur, skýr ábyrgðarskipting, m.a. skipurit eftirlits og verkkaupa, helstu upplýsingar um eftirlit, verkkaupa og verktaka, stýring frábrigða og úrbóta.

Gögn sem eftirlit leggur til við uppbyggingu á gæðakerfi, skulu hafa beina tilvísun í samningsgögn verktaka. Þau skulu enn fremur byggð á eftirlitsáætlun, þannig að fram komi:

1. Hvaða atriðum er haft eftirlit með.
2. Gátlistar sem unnið verður út frá
3. Hvar eru niðurstöður eftirlitsverksins skráðar.
4. Hvaða aðferðum er beitt við eftirlit til að tryggja verk-gæði.
5. Hvar skrár, skjöl og önnur gögn eru vistuð og hvernig.
6. Nöfn ábyrgðarmanna.
7. Skipurit fyrir heildarstjórnunarkerfi, þ.e. skilgreining á boðleiðum milli verkkaupa, hönnuða, eftirlits, alverktaka og opinberra aðila auk annarra er að útboðsverkinu koma.
8. Áætlun um vettvangsferðir og úttektir sem byggð er á kröfum samningsgagna og löguð að verkáætlun alverktaka.
9. Samskiptalisti fyrir eftirlitsverkið, þar sem fram koma helstu upplýsingar um þá aðila sem vinna við útboðsverkið, þ.e. heiti, fyrirtæki, símanúmer og netfang.

1.2 VERKEFNI EFTIRLITS

1.2.1 Eftirlit

Eftirlitsaðili er það fyrirtæki, sem verkkaupi tilnefnir og semur við til þess að koma fram fyrir sína hönd gagnvart alverktökum, hönnuðum og öðrum hagsmunaaðilum við framkvæmd verksamninga, svo sem verkkaupi segir til um. Eftirlitsaðili skal hafa víðtæka reynslu af eftirliti með svipuðum framkvæmdum.

Eftirlitsaðili skal með eftirliti sínu tryggja að framkvæmdir verði í fullu samræmi við alútbóðsgögn verkframkvæmdar og sjá til þess að tilskyldar gæðakröfur séu uppfylltar, án þess að ganga inn á verksvið ráðgjafa, alverktaka, eða verkkaupa. Þá skal eftirlitsaðili í samráði við alverktaka tryggja eins og kostur er að verkáföngum í verkinu ljúki á tilsettum tíma.

Eftirlit sér um alla skjalastýringu við aðila, í samræmi við gæðakerfi sitt og sendir afrit af bréfum og öðrum gögnum til verkkaupa.

Eftirlit heldur utan um og sér um alla afhendingu verkeikninga til alverktaka, á rafrænu formi og pappírformi. Ráðgjafar senda verkeikningar á rafrænu formi á ljósritunarstofu, afrit á eftirlit, ásamt uppfærðri teikningaskrá.

Eftirlit skal fylgja því eftir að alverktaki kalli til úttekta á mismunandi verkþáttum eftir því sem við á og að boðað verði til lokaúttektar að uppfylltum kröfum verkframkvæmdar. Áður en úttekt verkþátta fer fram skal eftirlitsaðili boða alverktaka og verkkaupa til forúttekta þar sem farið verður yfir stöðu verkefnisins og alverktaka gefinn hæfilegur frestur til að bæta úr því sem eftirlit telur

ábótavant áður en lokaúttekt fer fram. Eftirlit skal, með hæfilegum fyrirvara, tilkynna verkkaupa um fyrirhugaðar úttektir þannig að hann eða fulltrúar hans geti verið viðstaddir, kjósi verkkaupi það.

1.2.2 Starfsmenn

Eftirlitsaðili tilnefnir umsjónarmann og eftirlitsmenn í tilboði sínu. Lögð er áhersla á að tilnefndir starfsmenn sjái um eftirlitið allan framkvæmdatímann. Ekki er heimilt að skipta um starfsmenn þá sem eftirlitsaðili tilgreindi í tilboði sínu, nema til komi sérstakar aðstæður s.s. að starfsmaður hætti störfum eða falli frá. Í slíkum tilfellum skal fá skriflegt samþykki verkkaupa fyrir nýjum starfsmanni til eftirlits. Eftirlitsmaður þarf að hafa að lágmarki 4 ára reynslu af eftirliti með verklegum framkvæmdum. Jákvætt er ef eftirlitsmaður hefur reynslu af eftirliti með framkvæmdum í alverktöku.

1.2.3 Verksvið

Í verkefninu felst að leggja til mannafla og öll tæki og búnað sem þarf til þess að starfrækja eftirlitsverk á fullnægjandi hátt í samræmi við samningsgögn, svo sem til mælinga og annars sem þarf til þess að sannreyna að nákvæmni- og gæðakröfum sé fylgt við framkvæmd verksins.

1.2.4 Starfslýsing

Starfsmaður eftirlitsaðila, umsjónarmaður, mun vera í forsvari fyrir verkkaupa gagnvart, alverktaka og opinbera aðila, og í nánú samráði við verkkaupa og ráðgjafa eftir því sem við á.

Starfsmaður eftirlitsaðila annast eftirlit með öllum verkþáttum sem tilheyra viðkomandi verkframkvæmd og tekur ákvarðanir út frá niðurstöðum rannsókna og prófana alverktaka í samráði við verkkaupa og fylgist með gangi verks miðað við samþykktar áætlanir þar um.

Komi fram tillaga eða óskir frá alverktaka eða öðrum aðilum um breytingar á hönnun eða öðru er verkið varðar, skal eftirlit leggja slíkt fyrir verkkaupa og ráðgjafa eftir því sem við á.

Starfsmaður eftirlitsaðila:

- Sér um að ákvæðum samninga, samþykktara áætlana o.fl. sem varðar eðlilega framkvæmd verks sé framfylgt meðan á framkvæmdum stendur.
- Fylgist með og skráir alla helstu þætti við framkvæmd verks, án þess að ganga inn á verksvið alverktaka.
- Fylgist með að alverktaki fari að verkáætlunum sínum og sjái um að hann endurskoði þær ef ástæða er til.
- Fylgist með því að gæði verksins séu í samræmi við forsendur og samninga.
- Sér um efnissamþykktir á efni sem alverktaki og verkkaupi leggja til verksins. Eftirlitsaðili ásamt hönnuðum verksins eftir því sem við á, yfirfer efnisprófanir og efnisupplýsingar, samþykkir og heldur um það skrá.
- Undirbýr að ósk verkkaupa, viðauka við verksamninga ásamt því að leggja mat á fjárhæðir og áhrif viðbótarverka á tímaáætlun.
- Hefur eftirlit með að gildar vinnuteikningar og önnur viðkomandi gögn séu til staðar á verkstað.
- Fer yfir og samþykkir reikninga alverktaka.
